



Borgarráð

### **Húsnæðisáætlun Reykjavíkur: Yfirlit 3. ársfjórðungs 2022**

Lagt er fram til kynningar yfirlit innleiðingar húsnæðisáætlunar Reykjavíkur á þriðja ársfjórðungi 2022.

Fram kemur í yfirlitinu að á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 hafi verið lokið við gerð 773 nýrra íbúða í Reykjavík, þar af 240 á þriðja ársfjórðungi. Af þessum 773 íbúðum eru 372 á vegum húsnæðisfélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og gerir það rúm 48% nýrra íbúða á húsnæðismarkað í borginni á tímabilinu.

Hafist hefur verið handa við byggingu 671 íbúðar á fyrstu 3. ársfjórðungum ársins, þar af 229 á þeim þriðja. Á sama tímabili hafa verið gefin út byggingarleyfi fyrir 533 nýjum íbúðum, þar af 90 á þriðja ársfjórðungi.

Þá kemur fram að við lok 3. ársfjórðungs hafi 2.484 íbúðir verið í byggingu og að gangi áætlanir uppbyggingaraðila eftir gæti heildarfjöldi nýrra íbúða 2022 orðið um 1.200. Það væri þá fjórða árið í röð sem fjölgun íbúða væri yfir þúsund en aldrei hafa fleiri nýjar íbúðir komið inn á húsnæðismarkað í Reykjavík en undanfarin ár.

Íbúðum í húsnæðisáætlun fjölga úr 23.665 í 26.414 á milli ársfjórðunga og helgast það af því að íbúðir á nýjum svæðum sem bætast við uppbyggingarferlið eru fleiri en þær sem lokið hefur verið við. Mestu munar hér um að að íbúðum á lóðum í deiliskipulagsferli fjölga úr 6.815 í 11.447 og vega Keldur þar þyngst með allt að 3.500 íbúðir skv. núverandi áætlunum. Svipaður fjöldi íbúða er í byggingu og áður og íbúðum á deiliskipulögðum lóðum fjölga nokkuð. Þær eru nú 6.293 – þar af 2.541 á byggingarhæfum lóðum, í samræmi við þau áform í uppfærðri húsnæðisáætlun að til séu lóðir fyrir uppbyggingu 1.500 til 3.000 íbúða á hverjum tíma.

Unnið er að samningi ríkis og Reykjavíkurborgar um húsnæðisuppbyggingu og gera markmið ráð fyrir uppbyggingu um 16.000 íbúða í Reykjavík á næstu 10 árum.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Húsnæðisáætlun Reykjavíkur: Yfirlit 3. ársfjórðungs 2022



Reykjavík

# Húsnæðisáætlun Reykjavíkur

Yfirlit 3. ársfjórðungs 2022

---

---

Athafnaborgin  
Október 2022



# Þriðji ársfjórðungur 2022



**1.551**

...er fjölgun íbúa í Reykjavík á 3. ársfjórðungi en þeim fjölgaði um **1.113** á 2. ársfjórðungi og **270** á 1. ársfjórðungi eða alls um **2.934** á fyrstu níu mánuðum 2022.



**138.633**

...er fjöldi íbúa í Reykjavík þann 1. október 2022 en þeim fjölgar úr **135.699** 1. janúar 2022.



**538**

...er fjöldi íbúða á reitum þar sem auglýst hefur verið á 3. ársfjórðungi nýtt eða breytt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.



**90**

...er fjöldi nýrra íbúða sem byggingarleyfi voru gefin út fyrir á 3. ársfjórðungi en alls hafa þá verið gefin út leyfi fyrir **533** íbúðum frá áramótum



**229**

...er fjöldi íbúða sem framkvæmdir hófust við á ársfjórðungnum en alls hefur verið hafist handa við **671** íbúð frá áramótum.



**2.484**

...er fjöldi íbúða í byggingu við lok ársfjórðungsins. Í lok 2. ársfjórðungs voru **2.536** íbúðir í byggingu og **2.448** í lok þess fyrsta.



**240**

...er fjöldi nýrra íbúða á 3. ársfjórðungi. Lokið var við **171** íbúð á 2. ársfjórðungi og **362** á þeim fyrsta. Alls var lokið við **773** íbúðir á fyrstu þremur ársfjórðungum 2022



# Þriðji ársfjórðungur 2022

- Á 2. ársfjórðungi var lokið við **240** nýjar íbúðir í Reykjavík og voru **89** þeirra eða **37,1%** á vegum húsnæðisfélaga án hagnaðar eða undir merkjum hagkvæms húsnæðis. Á fyrstu níu mánuðum ársins lauk byggingu **773** íbúða og voru **372** eða rúm **48%** á vegum húsnæðisfélaga án hagnaðar eða undir merkjum hagkvæms húsnæðis.
- Byggingarfulltrúi samþykkti áform um uppbyggingu á **90** íbúðum á 3. ársfjórðungi. Hafin var bygging á **229** íbúðum.
- Þann 12. ágúst var rammisamningur ríkis og sveitarfélaga um átak í húsnæðisuppbyggingu lagður fyrir borgarráð. Samningsaðilar gera ráð fyrir **20.000** nýjum íbúðum á landinu næstu **5** árin og **35.000** næstu **10** árin. Þar af verði **5%** íbúðanna félagslegar í eigu sveitarfélaga og **30%** hagkvæmar á viðráðanlegu verði.
- Hlutdeild Reykjavíkur er **36%** skv. hlutfalli af íbúafjölda sem þýðir að byggja þarf allt að **1.300-1.400** íbúðir árið 2023.
- Út frá núverandi vitneskju um áætluð verklok byggingarverkefna gætu um **500** íbúðir klárast á síðasta fjórðungi ársins 2022. Heildarfjöldi nýrra íbúða 2022 yrði þannig um **1.200** sem er svipað og 2021 þegar **1.252** nýjar íbúðir voru skráðar.



# Efnisatriði

1. Þróun íbúafjölda
2. Þróun húsnæðisáætlunar
3. Nýjar íbúðir á markað
4. Íbúðir í byggingu
5. Samþykkt byggingaráform
6. Lóðaúthlutanir og samningar
7. Samþykktar byggingarheimildir
8. Staða skipulagsverkefna
9. Húsnæðisfélög






## 1. Þróun íbúafjölda

# Íbúum fjölgaði um **1.551** á þriðja ársfjórðungi 2022

- Íbúum Reykjavíkur fjölgaði um **1.551** á 3. ársfjórðungi samanborið við **1.206** á sama tíma 2021.
- Íbúum fjölgaði um **1.113** á 2. ársfjórðungi og **270** á 1. ársfjórðungi 2022.
- Íbúar voru **138.633** þann 1. október og hafði fjölgað um **2.934** það sem af er ári.
- Til samanburðar bjuggu **3.159** í Hveragerðisbæ þann 1. október 2022.

Mannfjöldi í Reykjavík 1. janúar og árleg breyting






## 2. Þróun húsnæðisáætlunar

- Grafið sýnir þróun húsnæðisáætlunar eftir stöðu lóða og fjölda íbúða í byggingu
- Heildarfjöldi íbúða á mismunandi skipulags- og byggingarstigum var **26.414** við lok 3. ársfjórðungs 2022
- Íbúðum á lóðum í skipulagsferli fjölga verulega milli ársfjórðunga sem helgast að mestu af því að vinna hófst við skipulag allt að **3.500** íbúða á Keldum
- Á 3. ársfjórðungi fjölgaði enn íbúðum á samþykktum lóðum
- Í dag eru **58.318** íbúðaeiningar í Reykjavík sem er **60,2%** allra íbúða á höfuðborgarsvæðinu\*


\* Þjóðskrá Íslands 16.10.2022

# Íbúðum í skipulagsferli fjölga





## 2. Þróun húsnæðisáætlunar



11.447 íbúðir í skipulagsferli







### 3. Nýjar íbúðir á markað

- Á 3. ársfjórðungi 2022 var lokið við **240** nýjar íbúðir. Á 2. ársfjórðungi var lokið við **171** íbúð og **362** íbúðir á 1. ársfjórðungi.
- Alls var því lokið við **773** nýjar íbúðir á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022.
- Hér er miðað við að verkefni hætti að telja sem „íbúðir í byggingu“ þegar búið er að afhenda meira en **90%** af íbúðum á reitnum
- Út frá núverandi vitneskju um áætluð verklok gætu um **500** íbúðir klárast á síðasta fjórðungi ársins 2022. Heildarfjöldi nýrra íbúða 2022 yrði þannig um **1.200** sem er svipað og 2021 þegar **1.252** nýjar íbúðir voru skráðar.


# 240 nýjar íbúðir í Reykjavík

	Almennar	Húsnæðisfélög
Gjúkabryggja 6	0	15
Hagasel 23	0	7
Haukdælabraut 86	1	0
Hlíðarendi C – 1	27	0
Hlíðarendi C – 2 – Smyrilshlíð 12	15	0
Hlíðarendi C – 3 – Smyrilshlíð 14	14	0
Hlíðarendi D – Reitur B	29	0
Hverfisgata 86a og 88	3	0
Klausturstígur 4	0	17
Stakkahlíð 3-5	0	50
Súðarvogur 2	62	0
Alls:	<b>151</b>	<b>89</b>
<b>Heildarfjöldi:</b>	<b>240</b>	



#### 4. Íbúðir í byggingu


## Byggingarleyfi gefin út fyrir **90** íbúðum á 3. ársfjórðungi 2022



Samþykkt áform

Heimild: Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

## Framkvæmdir hafnar við **229** íbúðir á 3. ársfjórðungi 2022



Hafin bygging á íbúðum

Skráðar fullgerðar íbúðir

Ársfjórðungsskýrsla húsnæðisáætlunar 3/22 | Athafnaborgin



## 5. Samþykkt áform

- Á 3. ársfjórðungi 2022 skráði byggingarfulltrúi **229** íbúðir á byggingarstig 1, samanborið við **177** á 2. ársfjórðungi og **265** á 1. ársfjórðungi.
- Stærstu verkefnið að þessu sinni eru **87** íbúðir við Sléttuveg 25, **76** íbúðir við Grensásveg 1 og **34** íbúðir í Skippholti 1.

# Framkvæmdir hafnar við **229** íbúðir á 3. ársfjórðungi 2022

Staðsetning	Íbúðir
Einarsnes 66B	1
Gefjunarbrunnur 10	2
Gerðarbrunnur 46	1
Grensásvegur 1	76
Grettisgata 9A og B	4
Hraunberg 4	5
Lautarvegur 12, 20 og 26	7
Lindargata 44	10
Skipholt 1	34
Skipholt 5	2
Sléttuvegur 25	87
<b>Samtals</b>	<b>229</b>



## 6. Lóðaúthlutanir og samningar

- Borgarráð samþykkti á 3. ársfjórðungi 2022 að úthluta tveimur aðilum **2** lóðum fyrir **199** íbúðir. Úthlutun annarrar lóðarinnar var afturkölluð og henni úthlutað á ný 27.10.2022.
- Í raun var því einni lóð undir **14** íbúðir úthlutað á fjórðungnum og verða íbúðirnar byggðar af Félagsstofnun stúdenta.
- Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 hefur alls verið úthlutað lóðum fyrir uppbyggingu **637** íbúða.
- Útkomuspá gerir ráð fyrir að **884** íbúðum verði úthlutað á árinu.

# Lóðum fyrir **637** íbúðir úthlutað það sem af er ári

## Lóðaúthlutun Reykjavíkurborgar á 3. ársfjórðungi 2022


Fundur borgarráðs	Lýsing	Félag	Verkefni	Fjöldi
7.7.2022	Úthlutun	Félagsstofnun stúdenta	Vatnsstígur 12 og 12a	14
(25.8.2022)*	(Úthlutun)	(Skientia ehf.)	(Haukahlíð 4)	(185)

\* Úthlutun afturkölluð á fundi borgarráðs 27.10.2022 og kemur lóðin aftur til úthlutunar síðar. Raunúthlutun á ársfjórðungnum var því 14 íbúðir.

**Samtals**

**14**

## Lóðaúthlutun Reykjavíkurborgar 2012-2023





## 6. Lóðaúthlutanir og samningar

Reykjavíkurborg áætla að úthluta lóðum undir **1.131** íbúðir árið 2023

Það verður fjölbreytt framboð lóða sem borgin áætla að úthluta á næsta ári. Mörg verkefni verða í Breiðholti í kjölfar hverfisSKIPulags. Önnur stór verkefni eru í Skerjafirði, Bryggjuhverfi og Gufunes.

- Lóðir fyrir **155** íbúðir tengjast verkefnum borgarinnar um hagkvæmt húsnæði og grænt húsnæði framtíðarinnar
- Húsnæðisfélög fá úthlutuðum lóðum til uppbyggingar á **390** íbúðum.
- Lóðir undir **586** íbúðir verða seldar í útboði.

# Úthlutunaráætlun fyrir árið 2023

Lóð	Aðili	Þróunarreitir / Hverfi	Ársfjórðungur	Hagkvæmt/ Grænt húsnæði	Húsnæðisf élag	Almennur markaður	Alls
Kjalarnes	Hagkvæmt húsnæði	Kjalarnes	2023-ÁF3	20			20
Suðurfell	Ýmsir	Breiðholt	2023-ÁF3	25		75	100
Bryggjuhverfi III	Ýmsir	Ártúnshöfði	2023-ÁF2	110		11	121
Vesturbugt	Ýmsir	Vesturbugt	2023-ÁF2		74	110	184
Stekkjarbakki	Félagsbústaðir	Breiðholt	2023-ÁF1		12		12
Nauthólsvegur	Félagsbústaðir	Vantsmýri	2023-ÁF2		14		14
Haukahlíð 6	Bjarg	Hlíðarendi	2023-ÁF2		70		70
Háaleitisbraut	Bjarg	Ármúli	2023-ÁF2		40		40
Rangársel	Bjarg og Búseti	Breiðholt	2023-ÁF3		100		100
Leirtjörn vestur	Ýmsir	Úlfársdalur	2023-ÁF4		50	50	100
Gufunes II	Auglýsing	Grafarvogur	2023-ÁF4		30	50	80
Kjalarnes	Auglýsing	Kjalarnes	2023-ÁF3			31	31
Skerjafjörður I	Auglýsing	Vantsmýri	2023-ÁF3			209	209
Jórufell	Auglýsing	Breiðholt	2023-ÁF3			50	50
Samtals 2023:				155	390	586	1.131




## 7. Samþykktar byggingarheimildir

Við lok 3. ársfjórðungs var til samþykkt deiliskipulag fyrir lóðir þar sem byggja má **6.293** íbúðir

- Þar af eru **2.023** íbúðir á lóðum sem eru byggingarhæfar og ætlaðar almennum markaði
- Þá eru **518** íbúðir á lóðum sem eru byggingarhæfar og ætlaðar húsnæðisfélögum eða hagkvæmu húsnæði

Alls er því **2.541** íbúðir á byggingarhæfum lóðum – eða rúm **40%** þeirra íbúða sem eru á lóðum með samþykktum byggingarheimildum

# Heimild fyrir **6.293** íbúðum í deiliskipulagi – þar af **2.541** á byggingarhæfum lóðum





## 8. Staða skipulagsverkefna

# Deiliskipulag í vinnslu

- Alls eru **11.447** íbúðir í deiliskipulagsferli og þar af eru **3.620** ætlaðar húsnæðisfélögum eða tæp **32%**
- Íbúðum á lóðum í deiliskipulagsferli fjölga mikið milli ársfjórðunga og munar mestu um nýtt svæði við Keldur sem gæti borið allt að **3.500** íbúðir
- Verkefni voru auglýst í B-deild þar sem byggja má **565** íbúðir

### 1. Forvinna

Verkefni	H	A
Ártúnshöfði V	188	562
Borgarspítali	63	187
Gufunes – 2. áfangi	125	375
Gufunes – 1C	0	370
Háaleitisbraut – Miklabraut	48	0
Keldur	1.500	2.000
Korpa II – Korpúlfsstaðir	29	86
Kringlan 1	74	296
Laugavegur – Holt 1	50	150
Laugavegur 105	0	36
Laugavegur 159	0	8
Loftleiðir	100	300
Rangársel	50	50
Safamýri	75	125
Skeifan	64	186
Sóleyjarrimi	0	100
Suðurfell	50	50
U-Reitur (BSÍ)	150	50
Veðurstofuhæð	100	150
Vogabyggð III	75	225
Þverholt 18	0	33

Samtals: 2.741 5.339

**8.080**

### 2. Lýsing

	H	A
Borgarholtsreitur	0	50
Bræðraborgarstígur 1-5	1	22
Lágmúli 2	0	100
Leirtjörn vestur	185	115

Samtals: 186 287

**473**

### 3. Tillaga auglýst

Verkefni	H	A
Ártúnshöfði – Vogur (Svæði II)	510	1.410
Borgartún 34-36	5	95
Eggertsgata – stúdentagarðar	4	0
Sóltún 2-4	16	63
Vesturbugt	60	130
Kjalarnes – Grundarhverfi	20	61
Kirkjusandur 2 (A-reitur)	55	170
Kirkjusandur (Reitur F)	23	92
Gufunes – 1B	0	180

Samtals: 693 2.201

**2.894**

### 4. Tillaga samþykkt

Verkefni	H	A
	-	-

Samtals: - -

**-**

### 5. Auglýst í B-deild 3/2022\*

Verkefni	H	A
KR svæðið – Frostaskjól 2-6	25	75
Laugavegur 168-174a - Hekla	100	363
Starmýri 2A	0	2

Samtals: 125 440

**565**

\*ATHUGIÐ AÐ ÞESSI DÁLKURTELST EKKI MEÐ Í SAMTÖLU UM ÞAÐ SEM ER Í SKIPULAGSFERLI

**Heildarfjöldi íbúða í deiliskipulagsferli: 11.447**



- Í töflunni til hægri má sjá núverandi hlutdeild hagkvæms húsnæðis fyrir fyrstu kaupendur og húsnæðisfélög sem byggja leigu- og búseturéttaríbúðir án hagnaðarsjónarmiða á hinum ýmsu stigum í ferli húsnæðisuppbyggingar

# Hlutdeild hagkvæms húsnæðis og húsnæðisfélaga í uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík

	Almennur markaður	Húsnæðisfélög	Alls	% húsnæðisfélög
Lokið 3ÁF 2022	151	89	240	37%
Íbúðir í byggingu	2.018	466	2.484	19%
Byggingarhæfar lóðir	2.023	518	2.541	20%
Samþykkt deiliskipulag	2.369	1.383	3.752	30%
Deiliskipulag í vinnslu	7.897	3.550	11.447	31%
Þróunarsvæði	4.498	1.692	6.190	27%



# Töflur





## 2.484 íbúðir í byggingu

Íbúðir í byggingu	Markaður	Húsnæðisfélög
Arkarvogur 2-15	85	0
Bergþórugata 18	0	3
Bolholt 7-9 (Háaleitisbraut 1)	38	9
Borgartún 6 og 24	53	15
Brautarholt 4-4a og 18-20	79	1
Dunhagi 18-20	21	0
Döllugata (5 verkefni)	5	0
Einarsnes 66b	1	0
Fjólugata 19	2	0
Friggjarbrunnur 31-33	2	0
Furugerði 23 – Bústaðavegur	30	0
Gefjunarbrunnur 10, 11, 14, 15 og 16	10	0
Gerðarbrunnur 1, 13, 16, 18, 34, 46, 48 og 52	8	0
Gissurargata 1, 2 og 7	3	0
Grensásvegur 1 (B, C & D)	119	12
Grettisgata 9a og 9b	4	0
Gæfutjörn 4-6 (Reitur G við Leirtjörn)	16	0
Hallgerðargata 1 (E reitur) og 18	84	0
Haukdælbraut 1, 13, 44, 46, 68, 88, 92, 116	8	0
Héðinsgata 8	0	2
Héðinsreitur-Seljavegur 2 og Vesturgata 64	254	0
Hlíðarendi C og D	168	0
Hólaland	0	7
Hótel Saga – Félagsstofnun stúdenta	0	112
Hraunberg 4	0	5
Hraunbær 133 og 143	58	64
Hverfisgata 90 og 100	9	0
Iðunnarbrunnur 11	2	0
Jarpstjörn 1-3 og 2-4	34	0
Jarpstjörn 5-11, 6-14, 13-17, 16-20 og 19-27	20	0
Jöfursbás 7, 9 og 11B	73	41
Jöldugróf 6	1	0
Jörfagrund 54-60	13	0
Kirkjustétt 4	19	0
Kuggavogur 2 og 26	103	4
Laugavegur 35 (Vatnsstígsreitur), 50 og 51	32	0

Íbúðir í byggingu (framhald)	Markaður	Húsnæðisfélög
Lautarvegur 10, 12, 20, 22, 26 og 28	13	0
Lindargata 44	0	10
Lofnarbrunnur 30, 32 og 34	3	0
Njálsgata 60	8	0
Rofabær 7-9	31	0
Rökkvatjörn 1 – Jarpstjörn 2-4, Gæfutjörn 10-14	58	0
Skyggisbraut 13-15	16	0
Rökkvatjörn 2, 5-11, 6-8 og 10-16	78	0
Sifjarbrunnur 7, 28, 30 og 32	4	0
Silfratjörn 11-15, 14-18, 20-24 og 6-12	7	6
Skipholt 1 og 5	36	0
Skógarhlíð 22 (Þóroddsstaðir)	4	0
Skógarvegur 4 og 10 (Sléttuvegur 25-27)	0	87
Skólavörðustígur 36	2	0
Skúlagata 26 – Vítastígur 3	29	0
Skyggisbraut 3, 5 og 7 (G – Leirtjörn, 3 verkefni)	39	0
Snorrabraut 60	35	0
Sólvallagata 79 (Steindórsreitur/Grandatorg)	77	7
Starmýri 2A	20	0
Stefnisvogur 2	71	0
Stjörnugróf 11	0	6
Sundlaugavegur 24	1	0
Súðarvogur 9 og 11	29	17
Urðarbrunnur (27 verkefni)	53	0
Urðarstígur 16A	1	0
Úlfarsbraut 6-8, 14, 100, 106 og 112	13	0
Vatnsholt 1-3	0	51
Vatnsstígur 4 (Vatnsstígsreitur)	13	0
Vesturgata 67	0	6
Vígdísarlundur/Fossvogsvegur 8	15	0
Vítastígur 7	3	0
Víðimelur 29	5	0
Þverholt 13-15	37	1
Samtals	2.018	466
Heildarsumma	2.484	



# Til eru byggingarhæfar lóðir þar sem byggja má **2.541** íbúð

Lóð	Markaður	Húsnæðisfélög
Brekknáas 6 (Vindás)	0	6
Brekknáas/Vindás	0	60
Dugguvogur 4	20	0
Dugguvogur 42	27	0
Friggjarbrunnur 39-41	2	0
Frostaskjól (KR-svæði)	80	20
Grandavegur 47	2	0
Grettisgata 5	1	0
Gufunesvegur 32	72	0
Gufunesvegur 36	29	0
Hallgerðargata 20 (Kirkjusandur – I reitur)	0	42
Haukdælabraut 40	1	0
Háaleitisbraut 1	22	7
Háteigsvegur 59 (Vatnsholt)	0	8
Heklureitir A – Laugavegur 168	73	18
Heklureitir B – Laugavegur 170	92	23
Heklureitir C – Laugavegur 172	69	17
Heklureitir D – Laugavegur 174	80	20
Heklureitir E – Laugavegur 174A	57	14
Héðinsreitir – Vesturgata 64 (2. áfangi)	58	0
Hlíðarendi A – Arnarhlíð 3	64	3
Hlíðarendi G – Haukahlíð 2	148	37
Hlíðarendi H – Haukahlíð 4	148	37
Hverfisgata 98	6	0
Jöfursbás 5 (matshluti 1)	27	0
Jöfursbás 5 (matshluti 2)	23	0
Jöfursbás 5 (matshluti 3)	25	0
Jöfursbás 9	0	48
Kleppsmýrvegur 6	51	0
Kleppsmýrvegur 8	28	0
Leirtjörn	10	3

Lóð	Almennar	Húsnæðisfélög
Njálsgata 36	3	0
Njörvasund 21	1	0
Nýlendugata 21 og 21a	6	0
Orkureitur A – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	56	14
Orkureitur B – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	85	21
Orkureitur C – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	90	23
Orkureitur D – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	118	29
Óðinsgata 19	1	0
Selásbraut 130	0	12
Selásbraut 132	0	12
Sigtúnsreitir (austur)	50	0
Sigtúnsreitir (vestur)	50	0
Silfratjörn 5, 7 og 9	3	0
Skyggisbraut 21-23	0	36
Snorrabraut 54	32	7
Snorrabraut 85	1	0
Starmýri 2A	0	0
Stefnisvogur 1	51	0
Stefnisvogur 12	68	0
Stefnisvogur 24	70	0
Stefnisvogur 36	63	0
Urðarbrunnur 96 og 98	2	0
Úlfarsárdalur – Sunnan Skyggisbrautar	23	0
Vesturberg 78	1	0
Vitastígur 9 og 9a	5	0
Vogabyggð I	0	0
Vogabyggð II	16	0
Þengilsbás 3	13	0
Samtals:	2.023	518
Heildarsumma:		<b>2.541</b>



# Deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir lóðir þar sem byggja má **3.752** íbúðir

Lóð	Markaður	Húsnæðisfélög
Arnabakki 2	0	26
Arnabakki 4	0	39
Arnabakki 6	25	0
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði (Lóð 3)	110	30
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði (Lóð 8)	128	32
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 9 (Lóð 12B)	44	10
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 15 (Lóð 12A)	92	23
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 27 (Lóð 11)	65	15
Ártúnshöfði I - Eirhöfði 1 (Lóð 7)	120	30
Ártúnshöfði I - Eirhöfði 7 (Lóð 2)	88	22
Ártúnshöfði I - Eldshöfði/Steinhöfði (Lóð 5)	84	21
Ártúnshöfði I - Eldshöfði/Svarthöfði/Steinhöfði (6)	96	24
Ártúnshöfði I - Stálhöfði 1 (Lóð 1)	116	29
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Breiðhöfði/Stórhöfði (9A)	2	8
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Stórhöfði (Lóð 9B)	120	30
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Stórhöfði (Lóð 9C)	112	28
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Svarthöfði (Lóð 10A)	0	90
Bryggjuhverfi III	517	0
Drafnarfell 2-4	5	0
Drafnarfell 14-18	12	0
Eddufell 2-4	14	0
Einarsnes 130	0	140
Frakkastígur 1	20	0
Gjúkabryggja 4 (Reitur D)	0	110
Gjúkabryggja 6 (Reitur G)	0	84
Háteigsvegur 35 (Vatnsholt)	0	60
Hlíðarendi I - Haukahlíð 6	0	70
Kjalarnes - Grundarhverfi	13	0
Nauthólsvegur 79	65	0
Nauthólsvegur 87	0	168
Otursnes 62	0	110

Lóð	Almennar	Húsnæðisfélög
Reginsnes 10	0	95
Skektuvogur 1	82	20
Skerjafjörður I	345	0
Vatnssstígur 10-12 (og Lindargata 42-46)	0	11
Völvufell 1-11	12	0
Völvufell 13-23	12	0
Völvufell 25-35	12	0
Völvufell 37	0	50
Völvufell 43	40	0
Völvufell 45	6	0
Yrsufell 2A	12	0
Samtals:	2.369	1.383
Heildarsumma:		<b>3.752</b>



Reykjavík

# Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar

Yfirlit 3. ársfjórðungs 2022

---

---

Athafnaborgin  
Október 2022